A black and white portrait of Bertrand Russell, an elderly man with white hair and a beard, wearing a suit and tie. The portrait is the background for the top half of the page.

Bertrand Russell

**Af hverju ég er  
ekki kristinn**


Ívar Jónsson þýddi

© Ívar Jónsson

AH-útgáfa  
Reykjavík  
2006

ISBN 9979-70-106-4

Bertrand Russell (1872-1970) var einn þekktasti heimspekingur Breta. Hann var ákaflega fjölhæfur maður og afkastamikill. Hann skrifaði yfir 70 bækur og um 2000 greinar. Árið 1950 hlaut hann Nóbelsverðlaunin í bókmenntum. Russell var einn helsti forsprakki analýtískrar heimspeki og var einkum þekktur



fyrir framlag sitt á sviði rökfræði og heimsspeki stærðfræðinnar. Meðal almennings var Russell þekktur fyrir friðarbaráttu sína, en hann var m.a. ötull andstæðingur kjarnorkuvopna og Víetnam stríðsins. Russell var dæmdur í viku fangelsisvist í Bretlandi 1961 fyrir þátttöku í mótmælaaðgerðum gegn stríðinu í Víetnam og ræðu sem hann hélt í Hyde Park, þá 89 ára gamall. Hann var þó einkum frægur fyrir skrif sín um stjórnsmál, samfélagsmál og siðferðileg málefni. Fyrirlestur hans, Af hverju ég er ekki kristinn, sem hann flutti 1927, olli miklu fjaðrafoki, en í honum færir hann rök trúleysingja gegn tilvist guðs og siðferðilegum heilindum Jesú Krists.

Ívar Jónsson



Bertrand Russell, brosandir eftir ræðu sína á mótmælafundi gegn Víetnam stríðinu í Hyde Park 1961. Lögreglan hafði stöðvað ræðu hans. Fyrir ræðuna og þátttöku sína í mótmælunum var hann dæmdur í fangelsisvist í viku fyrir borgaralega óhlýðni. Hann var þá 89 ára gamall.

### **Af hverju ég er ekki kristinn\***

Eins og formaður félags ykkar hefur sagt, er viðfangsefni mitt í kvöld að fjalla um hvers vegna ég er ekki kristinn. Það er líklega best að byrja með því að skoða orðið 'kristinn'. Nú á dögum er þetta orð notað í afar lauslegri merkingu. Sumir eiga við fólk sem reynir að lifa fyrirmyndarlífi. Í þeim skilningi geri ég ráð fyrir kristið fólk myndi vera í öllum trúarhópum; Ég held að þetta sé ekki rétt merking orðsins, því það myndi fela í sér að allir sem ekki eru kristnir eins og Búddistar, lærisveinar Konfúsíusar, Múhameðs o.s.frv. lifðu ekki fyrirmyndarlífi. Með orðinu kristinn á ég ekki við mann eða persónu sem reynir að lifa fyrirmyndarlífi í anda Krists. Ég held að maður verði að hafa ákveðna lágmarks trú áður en maður getur kallað sjálfan sig kristinn. Orðið hefur ekki jafn augljósa merkingu nú eins og á tímum heilags Ágústínusar og heilags Tómasar frá Akvínó. Í þá daga var vitað hvað menn áttu við þegar þeir sögðust vera kristnir. Menn samþykktu fjöldann allan af kreddum sem voru settar fram af nákvæmni og menn trúðu sérhverju atkvæði þessara kredda af trúarlegri sannfæringu.

---

\* Erindi þetta flutti Bertrand Russell 6. mars 1927 í ráðhúsi Battersea að beiðni London deildar National Secular Society. Erindið þýddi Dr. Ívar Jónsson, prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst.

## Hvað er kristinn maður?

Nú á dögum er þessu ekki eins farið. Við verðum að leggja eilítið veikari merkingu í hugtakið kristni. Ég held þó að það séu tvö grundvallaratriði sem maður verður að ganga út frá til að geta kallað sig kristinn. Hið fyrra er í eðli sínu kreddufesta, nefnilega að maður verður að trúa á guð og ódauðleika. Ef þú trúir ekki þessu tvennu geturðu ekki í alveru kallað þig kristinn. Þar að auki, eins og nafnið bendir til, þarftu að hafa einhvers konar trú á Krist. Til dæmis trúa múhameðstrúarmenn á guð og á ódauðleika, en samt myndu þeir ekki kalla sig kristna. Ég held að í það minnsta verðir þú að trúa því að, ef Kristur var ekki guðdómlegur, þá hafi hann að minnsta kosti verið manna bestur og vitrastur. Ef þú trúir ekki að minnsta kosti þessu um Krist, geturðu ekki kallað þig kristinn. Auðvitað má finna aðra merkingu í Whitaker's Almanak og í landafræðibókum þar sem íbúum heimsins er skipt upp í kristna, múhameðstrúarfólk, búddista, skurðgoðadýrkendur o.s.frv., en samkvæmt þessari skiptingu erum við öll kristin. Landafræðibækurnar telja okkur öll með, en það er alfarið í landafræðilegum skilningi, sem ég geri ráð fyrir að við getum haft að engu. Þess vegna tel ég, þegar ég segi ykkur að ég sé ekki kristinn, þurfi ég að segja ykkur tvennt: Í fyrsta lagi hvers vegna ég trúi ekki á guð og ódauðleika; og í

öðru lagi hvers vegna ég tel ekki að Kristur hafi verið bestur manna og vitrastur, þó svo að ég telji að hann hafi sýnt af sér ákaflega mikla siðferðilega gæsku.

En þar sem ég ber virðingu fyrir verkum trúleysingja í fortíðinni get ég ekki samþykkt svo teygjanlega skilgreiningu á kristni. Eins og ég sagði áður, fyrr á dögum hafði hún mun skýrari merkingu. Til dæmis leiddi kristnin til trúar á helvíti. Það er ekki langur tími síðan trúin á eilífan eld í helvíti var grundvallarþáttur í kristinni trú. Í okkar landi, eins og þið vitið, hætti þessi trú á helvíti að vera grunnvallarþáttur í kristni vegna ákvörðunar Privy Council<sup>1</sup> og í framhaldinu af þeirri ákvörðun opinberuðu erkibiskuparnir af Kantaraborg og York sérálit sín. En í okkar landi eru trúarbrögð okkar ákvörðuð af þinginu. Þess vegna gat Privy Council haft að engu álit hinna hágöfugu erkibiskupa og helvíti er ekki lengur nauðsynlegt hinum kristnu. Þess vegna mun ég ekki fullyrða að kristnum mönnum sé nauðsynlegt að trúa á helvíti.

---

<sup>1</sup> Privy Council var ráðgjafaráð breskra einvalda og var valdamikið fram á miðja 17. öld – Þýðandi.

## **Tilvist guðs**

Spurningin um tilvist guðs er svo stór og alvarleg spurning, að til að svara henni fullnægjandi yrði ég að halda ykkur hér til eilífðar nóns. Því verð ég að afsaka að ég nálgast hana með eins konar stuttri samantekt. Þið vitið auðvitað að kaþólska kirkjan heldur þeirri kreddu fram að tilvist guðs megi sanna án rökfærslu. Þetta er að mörgu leiti undarleg kredda, en þetta er ein af kreddum hennar. Kennimenn kirkjunnar urðu að finna upp á þessari kreddu vegna þess að Fríhyggjumenn komust upp á lag með að segja, að til væru margar röksemdir sem skynsemin segði okkur að við yrðum að álykta að guð væri ekki til. En kirkjan hafði trúarlega fullvissu fyrir tilvist guðs. Röksemdirnar og röksemdafærslan var ítarleg og kaþólska kirkjan taldi sig knúna til að stöðva rökræðuna. Þess vegna hélt kirkjan því fram að tilvist guðs mætti sanna án raka og hún varð að setja fram rök sem hún taldi að nægðu til að sanna að tilvist guðs mætti sanna án raka. Röksemdirnar eru auðvitað fjölmargar, en ég mun aðeins nefna nokkrar.

## **Röksemdin um hina fyrstu orsök**

Sú röksemd sem einföldust og auðveldust er að skilja er röksemdin um hina fyrstu orsök. (Því er haldið fram að allt sem við sjáum í heiminum eigi sér orsök og ef við rekjum keðju

orsaka lengra og lengra aftur á bak hljótum við á endanum að koma að hinni fyrstu orsök og þessari upphaflegu orsök gefum við heitið Guð). Þessi röksemd er ekki mikils metin nú á dögum geri ég ráð fyrir, því í fyrsta lagi er orsök ekki lengur það sama og hún var áður. Heimspekingarnir og vísindamennirnir hafa mikið velt fyrir sér röksemdinni, en hún er ekki lengur eins lífsseig og hún var áður. En burt séð frá því, er ljóst að röksemdin um tilveru hinnar fyrstu orsakar er óraunhæf. Segja má að þegar ég var ungur maður og velti þessum spurningum mjög alvarlega fyrir mér, féllst ég á þessa röksemd, eða þar til ég var átján ára gamall og las Sjálfsævisögu John Stuart Mill. Í henni las ég þessa setningu: “Faðir minn kenndi mér að spurningunni “hver skapaði mig?” er ekki hægt að svara, þar sem hún leiðir samstundis til spurningarinnar “hver skapaði guð?””. Þessi einfalda setning sýndi mér fram á, eins og ég tel enn, annmarka röksemdarinnar um hina fyrstu orsök. Ef allt verður að hafa einhverja orsök, hlýtur Guð einnig að eiga að baki sér orsök. Ef eitthvað er til án orsakar getur það alveg eins átt við um heiminn eins og Guð og því er röksemdin óraunhæf. Hún er af nákvæmlega sama toga og afstaða Hindúans, sem segir heiminn hvíla á herðum fíls og hann hvíli á skjaldböku, og þegar spurt var “en hvað um skjaldböckuna?” svaraði Indverjinn “við skulum skipta um umræðuefni”. Röksemdin er í raun ekki betri en svo. Heimurinn getur allt eins hafa orðið til án orsakar



eða á hinn bóginn getur hann allt eins alltaf hafa verið til. Það eru engin rök sem gera okkur kleyft að gera ráð fyrir að heimurinn hafi yfir höfuð átt eitthvert upphaf. Sú hugmynd að allt hljóti að hafa haft upphaf er í raun tilkomin vegna skorts á hugmyndaflugi. Þess vegna, kannski, þarf ég ekki að eyða meiri tíma í röksemdina fyrir hinni fyrstu orsök.

### **Röksemdin fyrir náttúrulögmálunum**

Til er algeng röksemd sem tengist náttúrulögmálum. Þetta er röksemd sem var í hávegum höfð á átjándu öld, sérstakleg vegna áhrifa Isaacs Newtons og heimsmyndunarfræða hans. Menn fylgdust með plánetunum fara kringum sólina, sögðu það í samræmi við þyngdarlögmálið og töldu Guð hafa gert plánetunum að ferðast með þessum tiltekna hætti og þess vegna gerðu þær það. Þetta var að sjálfsögðu þægileg og einföld útskýring sem sparaði þeim erfiðnið við að útskýra frekar lögmálið um þyngdaraflið. Nú á dögum útskýrum við þetta lögmál með flóknari hætti í kjölfar kenninga Einsteins. Ég ætla mér ekki að flytja fyrirlestur um þyngdarlögmálið samkvæmt túlkunum Einstein, því það myndi taka langan tíma. Hvað sem því líður, þá eru þau lögmál sem byggja á kenningum Newtons ekki lengur við lýði, þ.e. lögmál sem af einhverjum ástæðum sem enginn skyldi, gerðu ráð fyrir að öll fyrirbæri í náttúrunni hegði sér með sama hætti. Við

vitum nú að margt af því sem við kölluðum áður lögmál eru í raun samkomulag milli manna eða mannaþættingar. Öll vitum við að í fjarlægustu dýpum himingeimsins eru enn þrjú fet í hverri stiku<sup>2</sup>. Þetta er vafalaust mjög merkileg staðreynd en þú myndir varla kalla þetta náttúrulögmál. Og margt af því sem litið hefur verið á sem lögmál eru af þessu tagi. Hins vegar, vitneskja okkar um hvað atóm í raun og veru eru bendir til þess að þau séu mun minna mótuð af lögmálum en menn héldu, og lögmálin sem þú kemst að niðurstöðu um eru tölfræðileg meðaltöl lík þeim sem verða til af tilviljunum. Það er, eins og við vitum, lögmál að ef við köstum upp teningum færðu tvöfalda sexu aðeins einu sinni af hverjum þrjátíu og sex skiptum. Við ályktum ekki að þetta bendi til að útkoman úr tengingaköstum okkar ráðist af fyrirfram gerðri áætlun, þvert á móti ályktum við að fyrirfram gerð áætlun lægi að baki ef tvöföld sexa kæmi alltaf upp í hverju kasti. Mörg náttúrulögmál eru af þessu tagi. Þau eru tölfræðileg meðaltöl eins og líkindalögmálin eru; Þessi staðreynd gerir allt fjaðrafokið kringum náttúrulögmálin mun tilkomuminna en mönnum þótti áður. Burt séð frá því, hugmyndin um að, að baki náttúrulögmálum standi lögmálsgjafi byggir á því að náttúrulögmálum og mannlegum lögmálum<sup>3</sup> er ruglað saman. Mannleg lögmál eru boð sem skipa þér að hegða þér á tiltekinn

---

<sup>2</sup> Stika = yard = 0,9144 metri – Þýðandi.

hátt, lögmál sem þú ákveður hvort þú fylgir eða fylgir ekki. Náttúrulögmál eru lýsing á því hvernig hlutir í raun hegða sér og þar sem þau eru lýsingar á því hvernig þeir hegða sér í raun og veru, verður ekki fullýrt að einhver hafi sagt þeim að hegða sér eins og þeir gera, því jafnvel þótt svo væri þarftu að svara spurningunni ‘Af hverju tók Guð ákvörðun um einmitt þessi lögmál en ekki önnur!’ Ef þú heldur því fram að Hann hafi einfaldlega gert það ánægjunnar vegna og án nokkurrar ástæðu, kemst þú að þeirri niðurstöðu að eitthvað sé til sem ekki lýtur lögmáli, og þar með er röksemdafærsla þín um náttúrulögmál orðin að engu. Ef þú fullyrðir, eins og margir rétttrúnaðar guðfræðingar halda fram, að Guð hafi haft ástæðu fyrir að koma á tilteknum lögmálum fremur en öðrum - ástæðan að sjálfsögðu sú að skapa hinn besta alheim – þótt þú myndir aldrei hugleiða það að ástæða væri fyrir þeim lögmálum sem Guð kemur á, því þá lyti Guð Sjálfur lögmáli og þess vegna er ekkert gagn að því að blanda Guði í röksemdafærsluna sem millilið. Þar með eru til lögmál utan við og upprunalegri en hin guðdómlega tilskipun og Guð gagnast ekki markmiði þínu því Hann er ekki grundvallar lögmálgjafinn. Í stuttu máli, öll röksemdafærslan um náttúrulögmál hefur ekki lengur þá sterku stöðu sem hún hafði áður.

---

<sup>3</sup> Mannleg lögmál = human law – Þýðandi.

Ég ferðast áfram í tímanum í yfirliti mínu yfir röksemdirnar. Röksemdirnar fyrir tilvist Guðs breytast eftir því sem tíminn líður. Þær voru í byrjun harðar, vitsmunalegar röksemdir sem byggðu á ákveðnum villum. Þegar við nálgumst nútímann nutu þær minni virðingar menntamanna og urðu undir sífellt meiri áhrifum eins konar siðferðilegs veikleika.

### **Röksemdin um fyrirframgerða áætlun**

Næsta skrefið í umræðu okkar er að fjalla um Röksemdina um fyrirframgerða áætlun. Þið þekkið þessa röksemd: Allt í heiminum er þannig hannað að við getum lifað í heiminum og ef heimurinn væri aðeins að litlu leiti öðru vísi gætum við ekki lifað í honum. Þetta er röksemdin um fyrirframgerða áætlun. Á stundum birtist hún í undarlegustu formum. Til dæmis er því haldið fram að kanínur hafi hvítt skott svo að auðvelt sé að veiða þær. Ég veit ekki hvaða skoðun kanínur hafa á þessu. Það er auðvelt að gera grín að þessari röksemd. Þið þekkið öll athugasemd Voltaire, að augljóslega sé nefið hannað þannig að það geti borið gleraugu. Grín af þessu tagi er ekki eins út í hött nú eins og það var á átjándu öld, því síðan á tímum Darwin skiljum við mun betur hvers vegna lífverur eru aðlagðar að umhverfi sínu. Það er ekki svo að umhverfið sé aðlagð að þeirra þörfum, heldur þróuðust þær þannig að þær féllu að umhverfinu og það er grundvöllur

aðlögunar. Það er ekkert sem bendir til að fyrirframgerð áætlun liggi þarna að baki.

Þegar maður skoðar nánar röksemdina um fyrirframgerða áætlun furðar maður sig á því að fólk geti trúað því að þessi heimur, með öllum þeim hlutum sem í honum eru, með öllum göllum hans, sé það besta sem almættið og alvískunni hefur tekist að skapa á milljónum ára. Ég trúí því ekki. Heldur þú að ef þú værir almáttugur og alvitur og fengir milljónir ára til að fullkomna þinn heim, þá myndir þú ekki skapa neitt betra en Ku-Klux-Klan eða fasista? Þar á ofan, ef þú samþykkir venjuleg lögmál vísinda, verður þú að gera ráð fyrir að mannlegt líf og líf almennt á þessari plánetu muni deyja út með tíð og tíma: Það er stig í hnignun sólkerfisins; á tilteknu stigi hnignunarinnar skapast tiltekin hitaskilyrði og svo framvegis sem henta frymi og til verður líf um stundarsakir í lífssögu sólkerfisins. Þið sjáið í tunglinu hvert jörðin stefnir – eitthvað dautt, kalt og líflaust.

Mér er sagt að sjónarmið sem þessi séu niðurdrepani og fólk segir stundum að ef það tryði þessu þá gæti það ekki lifað lengur. Takið ekki mark á þessu; þetta er allt staðleysa. Enginn hefur í raun og veru áhyggjur af því hvað muni gerast eftir milljónir ára. Jafnvel þótt þetta fólk haldi sig hafa áhyggjur af þessu þá er það að blekkja sig. Það hefur áhyggjur af mun veraldlegri hlutum, eða kannski er þetta allt bara slæmur

magaverkur. Það er enginn í raun og veru alvarlega óhamingjusamur vegna þeirrar hugsunar að eitthvað muni henda þennan heim eftir milljónir ára. Þótt dapurlegt sé til þess að hugsa að lífið muni taka endi – að minnsta kosti held ég að við getum sagt sem svo þótt mér finnist stundum að það sé léttir þegar ég hugsa til þess hvernig margir eyða lífi sínu – þá er þessi hugsun ekki svo dapurleg að hún geri lífið óbærilegt. Hún fær mann bara til þess að beina sjónum sínum að öðrum hlutum.

### **Siðferðilegar röksemdir fyrir guðdómi**

Nú færum við okkur einu þrepi framar í því sem ég kalla vitsmunaleg þróun röksemda hinna trúuðu og komum að því sem kallað er siðferðilegar röksemdir fyrir tilvist Guðs. Sjálfsagt vitið þið öll að í gamla daga voru þrjár röksemdir fyrir tilvist Guðs, en þær voru allar hraktar af Immanuel Kant í bók hans Kritik der reinen Vernunft. En hann hafði ekki fyrir hrakið þær en hann fann upp nýja röksemd, siðferðilega röksemd, sem sannfærði hann. Hann var eins og svo margir: efahyggjumaður í öllu sem sneri að vitsmunalegum hlutum, en í siðferðilegum málum trúði hann á frumhæfingar sem hann hafði meðtekið í kjöltu móður sinnar. Þetta sýnir það sem sálkönnuðir leggja svo mikla áherslu á – að það sem við lærum í æsku hefur mun sterkari áhrif á okkur en það sem við nemum síðar.

Kant, eins og ég segi, fann upp nýja röksemd fyrir tilvist Guðs sem var óhemju vinsæl á níttjándu öldinni. Hún er til í alls kyns formum. Í einu formi hennar er fullyrt að það sé ekkert rétt eða rangt nema Guð sé til. Ég fæst ekki um það nú hvort munur sé á réttu og röngu, eða hvort ekki sé munur á réttu og röngu: Það er önnur spurning. Það sem ég vil ræða er þetta: Ef þú ert alveg viss um að munur sé á réttu og röngu, þá þarftu að svara hvort þessi munur sé til kominn vegna Guðs skipunar. Ef munurinn er til kominn vegna Guðs skipunar og fyrir Guð sjálfan gildir að enginn munur er á réttu og röngu, þá er merkingarlaust að segja að Guð sé góður. Ef þú segir, eins og guðfræðingar gera, að Guð sé góður, þá verður þú að segja um leið að rétt og rangt hafi einhverja merkingu sem er óháð skipun Guðs, því skipanir Guðs eru góðar en ekki vondar óháð þeirri staðreynd að Hann gaf skipunina. Ef þú heldur þessu fram þá verður þú að halda því fram að það sé ekki bundið við Guð einan að rétt og rangt varð til, heldur að rökfræðilega hafi rétt og rangt verið til á undan Guði. Þú gætir auðvitað, ef þú villt, sagt að til hafi verið æðri guðdómur sem gaf Guði skapara heimsins fyrirskipanir sem Hann síðan fylgdi, eða í annan stað gætir þú fullyrt eins og sumir dulspekingar hafa gert – það er afstaða sem mér fannst oft á tíðum vænleg - að sá heimur sem við þekkjum var skapaður af djöflinum á þeirri stundu þegar

Guð leit undan. Það má segja margt um þessa fullyrðingu en ég hef ekki áhuga á að afsanna hana.

### **Röksemdin fyrir aðgerðum gegn ranglæti**

Nefna ber aðra mjög undarlega birtingarmynd siðferðislegu röksemdarinnar, en hún er þessi: Sagt er að tilvist Guðs sé nauðsynleg til að koma á réttlæti í heiminum. Í þeim hluta alheimsins sem við þekkjum er mikið óréttlæti og oft þjást hinir góðu og oft hagnast hinir óprúttu og maður veit varla hvort er meira óþolandi; en ef réttlæti á að ríkja í alheiminum verður að gera ráð fyrir framtíðarlífi til að koma á jafnvægi í lífinu á jörðinni. Því er sagt að Guð hljóti að vera til og að það hljóti að vera til himnaríki og helvíti svo að þegar til lengri tíma er litið geti komist á réttlæti. Þetta er mjög undarleg röksemd. Ef þú litir á málið frá vísindalegu sjónarhorni myndirðu segja: ‘Þegar allt kemur til alls, þekki ég aðeins þennan heim. Ég veit ekki neitt um restina af alheiminum, en að svo miklu leyti sem menn geta gert ráð fyrir líkindum má segja að líklega sé þessi heimur skýrt dæmi og ef óréttlæti ríkir hér þá er líklegast að óréttlæti sé annarsstaðar líka’. Gefum okkur að þú hafir fengið körfu fulla af appelsínum og að í efsta laginu hafi allar appelsínurnar verið skemmdar. Þú mundir ekki halda fram að: ‘Þær sem eru undir hljóta að vera góðar til að jafnvægi komist á.’ Þú mundir segja ‘Líklega eru þær allar skemmdar’; og



þannig myndi vísindalega hugsandi persóna álykta um alheiminn. Hún mundi segja: ‘Hér í heimi er mikið óréttlæti og svo langt sem það nær er það ástæða til að gera ráð fyrir að réttlæti ríki ekki í heiminum; og þar af leiðandi svo langt sem það nær er það ástæða til siðferðilegrar röksemdar gegn guðdómnum en ekki með honum.’ Auðvitað veit ég að þær vitsmunalegu röksemdir sem ég hef borið á borð fyrir ykkur hrífa ekki fólk með sér. Það sem virkilega fær fólk til að trú á Guð eru alls ekki vitsmunalegar röksemdir. Flestir trú á Guð vegna þess að þeim hefur verið kennt það frá barnæsku og það er aðal ástæðan.

Önnur mikilvægasta ástæðan held ég sé óskin um öryggi, einskonar tilfinning um að stóri bróðir muni líta eftir þér. Þessi tilfinning leikur lykilhlutverk í þrá fólks eftir trú á Guð.

### **Lunderni Krists**

Mig langar að fara nokkrum orðum um viðfangsefni sem mér þykir rökhjuggjumenn ekki hafa fjallað um á fullnægjandi hátt. Þetta er spurningin um það hvort Kristur hafi verið bestur og vitrastur allra manna. Það er almennt talið að við hljótum að fallast á að svo hafi verið. Sjálfur geri ég það ekki. Ég er sammála Kristi um margt og raunar sammála honum um margt fleira en þeir sem eru yfirlýstir kristnir menn. Ég er

ekki viss um að ég myndi ganga með honum alla leið, en ég gæti gengið mun lengra með honum en flestir sem kalla sig kristna. Þið munið að hann sagði: ‘En ég segi yður: Rísið ekki gegn þeim, sem gerir yður mein. Nei, slái einhver þig á hægri kinn, þá bjóð honum einnig hina.’<sup>4</sup> Þetta er ekki nýtt boðorð eða ný meginregla. Það kom fram hjá Lao-Tze og Búdda fimm eða sex hundruð árum fyrir fæðingu Krists, en þetta er ekki boðorð sem kristnir samþykkja. Ég er ekki í neinum vafa um að t.d. núverandi forsætisráðherra<sup>5</sup> sé einlæglega kristinn, en ég ætti ekki að ráðleggja neinu ykkar að gefa honum löðrung. Þið mynduð komast að því að hann lítur svo á að setningin sé líkingamál af hálfu höfundarins.

Enn er eitt atriði sem ég tel vera framúrskarandi. Þið munið að Kristur sagði: ‘Dæmið ekki, svo að þér verðið ekki dæmdir’<sup>6</sup> Eins og þið vitið er þetta ekki vinsælt boðorð í dómssölum kristinna landa. Ég hef þekkt marga heiðarlega kristna dómara, en enginn þeirra finnst þeir brjóta gegn kristnum boðorðum í dómum sínum. Kristur segir enn fremur: ‘Gef þeim, sem biður þig, og snú ekki baki við þeim, sem vill fá lán hjá þér.’<sup>7</sup> Þetta er mjög gott boðorð.

---

<sup>4</sup> Matteusarguðspjall 5.39 – Þýðandi.

<sup>5</sup> Stanley Baldwin.

<sup>6</sup> Matteusarguðspjall 7.1 – Þýðandi.

<sup>7</sup> Matteusarguðspjall 5.42 – Þýðandi.

Fundarstjóri ykkar hefur minnt mig á að við erum ekki hér til að ræða stjórnsmál, en ég get ekki látið hjá líða að benda á að í síðustu þingkosningum snerist aðal mál kosninganna um að snúa baki við þeim sem skulda okkur. Við verðum því að álykta að Frjálslyndir og Íhaldsmenn þessa lands eru ekki sammála boðskap Krists því þeir höfnuðu honum afdráttarlaust við þetta tækifæri.

Nefna má annað spakmæli Krists sem mikið er spennið í en ekki er mjög vinsælt meðal kristinna vina okkar. Hann segir: 'Ef þú vilt vera fullkominn, skaltu fara, selja eigur þínar og gefa fátækum'.<sup>8</sup> Þetta er framúrskarandi grundvallarregla, en eins og ég segi breyta fáir í samræmi við hana. Allt eru þetta góðar grundvallarreglur þótt svolítið erfitt sé að lifa í samræmi við þær. Ég segi ekki að ég geri það sjálfur, en þegar allt kemur til alls horfir málið öðru vísi við gagnvart kristnum manni.

### **Meinbugir á boðskap Krists**

Hafandi bent á hversu framúrskarandi þessar grundvallarreglur eru verð ég nú að segja að ég er ekki þeirrar skoðunar að hægt sé að eigna Kristi þá óviðjafnanlegu vitsmuni eða gæsku sem honum er ætluð í guðspjöllunum. Ég á ekki við að það sé ekki hægt vegna þess að sagnfræðilega séð er mjög vafasamt að Kristur hafi yfir höfuð verið til og við vitum ekkert

um hann. Ég fæst ekki um þessa spurningu sem er mjög erfið. Ég fjalla aðeins um Krist eins og hann birtist í guðspjöllunum og tek frásögninni umyrðalaust, en í guðspjöllunum er ýmislegt sem ekki virðist viturlegt. Sem dæmi hélt hann vissulega að við endurkomu sína myndi hann vera sveiptur dýrðarljóma áður en allir þeir sem þá væru lifandi myndu deyja. Þetta kemur fram í fjölda texta. Hann segir til dæmis: 'Þér munuð ekki hafa náð til allra borga Ísraels, áður en Mannssonurinn kemur.'<sup>9</sup> Síðan segir hann: 'Sannlega segi ég yður: Nokkrir þeirra, sem hér standa, munu eigi dauða bíða, fyrr en þeir sjá Mannssoninn koma í ríki sínu.'<sup>10</sup>; og það kemur fram á mörgum stöðum að hann trúir því að endurkoma hans myndi gerast í lífi margra sem þá væru lifandi. Þessu trúðu margir fylgismenn hans í fyrstu og þetta er grundvöllurinn að stórum hluta siðferðilegs boðskapar hans. Þegar hann sagði: 'Hafið því ekki áhyggjur af morgundeginum'<sup>11</sup> og margt því um líkt var það að miklu leyti vegna þess að hann taldi að endurkoma hans yrði mjög bráðlega og venjulegir jarðneskir hlutir skiptu ekki máli. Ég hef satt að segja þekkt kristið fólk sem trúir að endurkoma Krists væri óhjákvæmileg. Ég þekkti prest sem hræddi söfnuð sinn

---

<sup>8</sup> Matteusarguðspjall 19.21 – Þýðandi.

<sup>9</sup> Matteusarguðspjall 10.23: 'Þegar þeir ofsækja yður í einni borg, þá flýið í aðra. Sannlega segi ég yður: Þér munuð ekki hafa náð til allra borga Ísraels, áður en Mannssonurinn kemur' – Þýðandi

<sup>10</sup> Matteusarguðspjall 16.28 – Þýðandi.

<sup>11</sup> Matteusarguðspjall 6.34 – Þýðandi

gríðarlega mikið með því að segja þeim að endurkoman væri yfirvofandi, en þau höfðu miklar áhyggjur þegar þau komust að því að hann gróðursetti tré í garðinum sínum. Í upphafi trúðu hinir Kristnu á endurkomu Krists í raun og veru og þeir gróðursettu ekki tré í garði sínum eða fengust ekki við slíka hluti því þeir trúðu á yfirvofandi endurkomu Krists eins og hann hafði boðað. Augljóslega var hann í þessu tilliti ekki eins vitur og margir aðrir hafa verið og hann hafði vissulega ekki óviðjafnanlega vitsmuni.

### **Hið siðferðilega vandamál**

Nú er komið að því að fjalla um siðferðileg vandamál. Að mínu mati er það mjög alvaralegur annmarki á siðferðilegri afstöðu Krists að hann trúði á helvíti. Í mínum augum getur enginn sem er virkilegur mannúðarsinni trúað á eilífa refsingu. Eins og kemur fram í guðspjöllunum trúði Kristur á eilífa refsingu og ofsareiði birtist margoft í garð þeirra sem ekki hlustuðu á predikanir hans – afstaða sem er ekki óalgeng meðal predikara, en grefur undan öllu sem nefna má óviðjafnanlega yfirburði. Þessa afstöðu er til dæmis ekki að finna hjá Sókrates. Hann var mjög mildur og viðmótsþýður gagnvart þeim sem ekki hlustuðu á hann. Að mínu viti er það meira virði að taka þann pól í hæðina en að bregðast við með reiði. Þið munið

líklega öll eftir síðustu orðum Sókratesar og þess háttar hlutum sem hann sagði almennt við fólk sem ekki var sammála honum.

Í guðspjöllunum stendur skrifað: 'Höggormar og nöðru kyn, hvernig fáíð þér umflúið helvítisdóm?'<sup>12</sup> Þetta var sagt við fólk sem líkaði ekki predikanir Hans. Að mínu mati er þetta ekki alfarið viðeigandi tónn og það stendur margt fleira um helvíti. Þar er að sjálfsgöðu hinn þekkti texti um syndina sem drýgð er gegn Heilögum Anda: 'þeim sem mælir gegn heilögum anda, verður ekki fyrirgefið, hvorki í þessum heimi né í hinum komanda.'<sup>13</sup> Þessi texti hefur leitt til ómældra þjáninga í heiminum, því allskyns fólk hefur ímyndað sér að það hafi drýgt synd gegn Heilögum Anda og haldið að því yrði hvorki fyrirgefið í þessum heimi eða þeim heimi sem tekur við. Ég held satt best að segja að enginn maður með eiginlega manngæsku myndi koma á ótta og ógn af þessu tagi í heiminum.

Síðan segir Kristur: 'Mannssonurinn mun senda engla sína, og þeir munu safna úr ríki hans öllum, sem hneykslunum

---

<sup>12</sup> Matteusarguðspjall 23.33 Sbr. Matteusarguðspjall 23.29-33 'Vei yður, fræðimenn og farísear, hræsnarar! Þér hlaðið upp grafir spámannanna og skreytið leiði hinna réttlátu og segið: Ef vér hefðum lifað á dögum fedra vorra, hefðum vér ekki átt hlut með þeim í lífláti spámannanna. Þannig vitnið þér sjálfir um yður, að þér eruð synir þeirra, sem myrtu spámennina. Nú skuluð þér fylla mæli fedra yðar. Höggormar og nöðru kyn, hvernig fáíð þér umflúið helvítisdóm?' – Þýðandi.

<sup>13</sup> Matteusarguðspjall 12.32 – Þýðandi.

valda og ranglæti fremja, og kasta þeim í eldsofninn. Þar verður grátur og gnístran tanna.’<sup>14</sup> Og hann heldur áfram með grátinn og gnístran tanna. Það kemur fram í hverju versinu á fætur öðru og það er lesandanum ljóst að í orðunum er ákveðin vellíðan í hugsuninni um grátur og gnístran tanna, annars myndi þetta ekki koma svo oft fyrir. Svo munið þið auðvitað öll eftir sögunni um sauðina og hafrana, hvernig sauðirnir yrðu greindir frá höfrunum við endurkomu Hans.<sup>15</sup> Hann mun segja við hafrana: ‘Farið frá mér, bölváðir, í þann eilífa eld’<sup>16</sup> Og hann heldur áfram: ‘Og þeir munu fara til eilífrar refsingar’<sup>17</sup>. Síðan segir hann aftur: ‘Ef hönd þín tælir þig til falls, þá sníð hana af. Betra er þér handarvana inn að ganga til lífsins en hafa báðar hendur og fara til helvítis, í hinn óslökkvandi eld. Þar sem

---

<sup>14</sup> Matteusarguðspjall 13.41-42 – Þýðandi.

<sup>15</sup> B. Russell vísar hér í eftirfarandi texta í Biblíunni:

Matteusarguðspjall 25.31-33: ‘Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð sinni og allir englar með honum, þá mun hann sitja í dýrðarhásæti sínu. Allar þjóðir munu safnast frammi fyrir honum, og hann mun skilja hvern frá öðrum, eins og hirðir skilur sauði frá höfrum. Sauðunum skipar hann sér til hægri handar, en höfrunum til vinstri. Einnig Matteusarguðspjall 25.41-43: ‘Síðan mun hann segja við þá til vinstri handar: „Farið frá mér, bölváðir, í þann eilífa eld, sem búinn er djöflinum og árum hans. Því hungraður var ég, en þér gáfuð mér ekki að eta, þyrstur var ég, en þér gáfuð mér ekki að drekka, gestur var ég, en þér hýstuð mig ekki, nakinn, en þér klædduð mig ekki, ég var sjúkur og í fangelsi, en ekki vitjuðuð þér mín’. Og Matteusarguðspjall 25.46: ‘Og þeir munu fara til eilífrar refsingar, en hinir réttlátu til eilífs lífs.’ – Þýðandi.

<sup>16</sup> Matteusarguðspjall 25.41 – Þýðandi.

<sup>17</sup> Matteusarguðspjall 25.46 – Þýðandi.

ormarnir deyja ekki og eldurinn slokknar ekki.<sup>18</sup> Hann endurtekur þetta aftur og aftur. Ég get ekki sagt annað en að öll þessi kenning um vítiseld sem refsingu fyrir synd er kenning sem byggist á grimmd. Þetta er kenning sem innleiddi grimmd í heiminn og færði kynslóðum ógn grimmdarinnar. Kristur guðspjallanna eins og honum er lýst í frásögnunum er að minnsta kosti að hluta ábyrgur fyrir þessu.

Fleiri hlutir koma til sem ekki eru eins mikilvægir. Til dæmis má nefna að það var ekki sérlega mikil gæska að senda illu andana í svínahjörðina í byggðinni í Gadarene og ryðja hjörðinni fram af hamrinum í vatnið þar sem hún hvarf.<sup>19</sup> Hafa verður í huga að hann var almáttugur og hann hefði einfaldlega getað rekið hina illa anda burt. En hann ákvað að senda andana á svínin. Svo má nefna hina undarlega sögu um fíkjutréð sem alltaf hefur valdið mér heilabrotum. Þið munið hvað varð um fíkjutréð: 'Á leiðinni frá Betanú morguninn eftir kenndi hann hungurs. Þá sá hann á lengdar laufgað fíkjutré og fór að gá, hvort hann myndi nokkuð á því. En þegar hann kom að því, fann hann ekkert nema blöð, enda var ekki fíknatíð. Hann sagði þá við tréð: "Enginn neyti framar ávaxtar af þér að eilífu!"<sup>20</sup>...og Pétur ... segir við hann: "Rabbí, sjáðu! fíkjutréð, sem þú

---

<sup>18</sup> Markúsarguðspjall 9: 43-44 – Þýðandi.

<sup>19</sup> Matteusarguðspjall 8.32 – Þýðandi.

<sup>20</sup> Markúsarguðspjall 11: 12-14 – Þýðandi.



formæltir, er visnað.”<sup>21</sup> Þetta er mjög einkennileg saga því það var ekki rétta árstíðin fyrir fíkjur og það var í raun ekki hægt að áfella fíkjutréd. Ég get ekki séð að Kristur sé æðri mörgum öðrum í sögunni að visku eða dygð. Ég myndi setja Búdda og Sókrates ofar honum.

### **Tilfinningapátturinn**

Eins og ég sagði áður held ég að ástæða þess að fólk ánetjast trúarbrögðum hafi ekkert með rökhugsun að gera. Það trúir af tilfinningarlegum ástæðum. Oft er sagt að það sé mjög rangt að ráðast gegn trúarbrögðum vegna þess að trúarbrögð geri manninn dyggðugan. Svo er mér sagt; ég hef ekki orðið var við það. Þið þekkið skopstælingu Samuel Butlers á þessari röksemd í bók hans Erehwon heimsótt að nýju. Í bókinni er það Higgs sem kemur í fjarlæggt land og eftir að hafa dvalið þar um tíma flýr hann í loftbelg. Tuttugu árum síðar kemur hann til landsins og kemst að því að þar eru risin ný trúarbrögð, en í þeim er hann tilbiðinn og nefndur ‘Sólarbarnið’ og sagan segir að hann hafi horfið til himna. Hann kemst að því að upprisuhátíðin er að hefjast og heyrir prófessorana Hanky og Panky segja hver við annan að þeir hefðu aldrei litið Higgs augum og voni að þeir muni aldrei gera það. Þeir eru æðstuprestar sólarbarnstrúarbragðanna. Hann er öskureiður og

---

<sup>21</sup> Markúsarguðspjall 11: 20 – Þýðandi.

gengur að þeim og segir: 'Ég ætla að afhjúpa þessi svik og segja Erehoningum að það var bara ég, Higgs, sem fór upp í loftbelg. Þá var honum sagt: 'Þú mátt ekki gera það því allir siðir þessa lands byggja á þessari goðsögn og ef þeir komast að því að þú reist ekki til himna verða þeir illir'. Hann lætur undan og hverfur á braut.

Þetta er hugmyndin – að við yrðum öll ill ef við aðhyllumst ekki kristna trú. Mér virðist sem þeir sem aðhyllast trúna hafi yfirleitt verið afar illir. Það er athyglisvert að á þeim tímum sem trúin hefur verið mest og kreddurnar verið mestar þá hefur grimmdin verið mest og ástandið verst. Á svokölluðum öldum trúarinnar þegar menn trúðu í raun og veru á kristna trú í öllum fullkomleika, ríkti rannsóknarrétturinn með öllum sínum pyntingum. Milljónir ógæfusamra kvenna voru brenndar sem nornir og hvers kyns grimmd bitnaði á alls kyns fólki í nafni trúarinnar.

Þú kemst að því þegar þú skoðar heiminn að allar framfarir á sviði mannúðartilfinninga, allar réttarfarslegar umbætur, sérhvert skref sem dregið hefur úr styrjöldum, bætt samskipti við litaða kynþætti, rénun þrælahalds, hverskyns siðferðilegar umbætur sem hafa orðið í heiminum, hafa kristnar kirkjur heimsins snúist gegn. Ég segi það mjög ákveðið að kristin trú, eins og kirkjurnar skipuleggja hana, er enn höfuðóvinur siðferðilegra framfara í heiminum.

## Hvernig kirkjurnar hafa tafið framfarir

Ykkur finnst ég ef til vill ganga of langt þegar ég segi að svona sé þetta enn. Ég held ég geri það ekki. Leyfið mér að nefna eina staðreynd. Hún er ekki þægileg, en kirkjurnar neyða mann til að ræða óþægilegar staðreyndir. Gefum okkur að í þeim heimi sem við búum í nú, að reynslulaus ung stúlka giftist sárásóttarsjúklingi. Í slíku tilfelli segir kaþólska kirkjan: 'Það er órjúfanlegt lögmál að þið verðið að lifa saman þar til dauðinn skilur ykkur að'. Og konan má ekki gera neitt sem kemur í veg fyrir að hún eignist börn með sárásótt. Þetta er það sem kaþólska kirkjan segir. Ég segi að þetta sé djöfulleg grimmd og enginn sem hefur verið blindaður af kreddu eða sem er þannig siðferðilega innréttaður að hann hafi enga tilfinningu fyrir þjáningum, myndi halda fram að það sé rétt og við hæfi að slíkt viðgangist.

Þetta er aðeins eitt dæmi. Í dag ber kirkjan ábyrgð á allskyns ónauðsynlegum og óverðskulduðum þjáningum fólks vegna þess að hún viðheldur af þrúfyllni sinni einhverju sem hún kallar siðalögmál. Og auðvitað, eins og við vitum, er hún að mestum hluta andstæðingur framfara og allra umbóta sem draga úr þjáningum í heiminum, því hún hefur kosið að kalla siðalögmál þröngar hegðunarreglur sem eiga ekkert skylt við mannlega hamingju. Og þegar þú segir að þetta eða hitt beri að gera því það muni auka hamingju manna halda kirkjunnar menn

að það sé málinu alfarið óviðkomandi. ‘Hvað á mannleg hamingja skylt við siðalögmál? Það er ekki markmið siðalögmála að gera fólk hamingjusamt.’

### **Ótti grundvöllur trúar**

Trúarbrögð grundvallast, held ég, fyrst og fremst á ótta. Að hluta er það óttinn við hið óþekkta, og að hluta, eins og ég hef sagt, óskin um að einhvers konar eldri bróðir sem styðji þig í deilum og þegar vandi steðjar að. Ótti liggur til grundvallar þessu öllu – óttinn við hið dularfulla, ótti við ósigra, ótti við dauðann. Ótti er foreldri grimmdar og það kemur því ekki á óvart að grimmd og trúarbrögð fara saman hönd í hönd. Það er vegna þessa að ótti liggur að baki hvoru tveggja. Í okkar heimi erum við nú farin að skilja hann eilítið og við höfum náð lítillaga tókum á honum með hjálp vísinda sem hafa haslað sér völl skref fyrir skref gegn kristinni trú, gegn kirkjunum og gegn öllum gömlu boðorðunum. Vísindin geta kennt okkur og ég held einnig að hjarta okkar geti kennt okkur að hætta að leita eftir ímynduðum stuðningi, að hætta að finna upp á samherjum í skýjunum. Ólíkt þessu eigum við að líta til okkar eigin aðgerða sem við framkvæmum hér niðri til að gera heiminn betri til að lifa í, í stað þess heims sem kirkjurnar í öllum þessum löndum hafa skapað.

## **Það sem við verðum að gera**

Við viljum standa á okkar eigin fótum og líta heiminn opnum augum – góðar staðreyndir hans, slæmar staðreyndir hans, ljótleika hans; sjá heiminn eins og hann er og vera óhrædd við hann. Sigrast á heiminum með skynsemi okkar fremur en að vera beygð undir þann þrælsótta sem hún getur skapað. Öll hugsunin um Guð er hugsun sem sprottin er úr austrænum gerræðissamfélögum fornaldar. Þetta er hugsun sem er fyrir neðan virðingu frjálsra manna. Þegar þú heyrir fólk í kirkjum lítillækka sig og segjast vera aumkunarverðir syndarar og allt sem því fylgir, virðist það fyrirlitlegt og ekki hafa sjálfsvirðingu sem manneskjum sæmir. Við ættum að standa upp og horfast hreinskilningslega í augu við heiminn. Við ættum að gera heiminn eins góðan og við getum og ef hann er ekki eins góður og við viljum, þegar allt kemur til alls verður hann betri en hinir hafa gert hann í gegnum aldirnar. Góður heimur þarfnast þekkingar, vingjarnleika og hugrekkis. Hann þarfnast ekki tregafullrar þrár eftir fortíðinni eða að frjáls hugsun sé hlekkjuð í orðum, sem fávísir menn létu falla endur fyrir löngu. Hann þarfnast óttalausrar sýnar og frjálsrar hugsunar. Hann þarfnast framtíðarvonar en ekki að litið sé stöðugt til baka til dauðrar fortíðar sem mun víkja fyrir þeirri framtíð sem skynsemi okkar mun skapa.